

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 23. nóvember 2020
UST202009-044/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022 - Breyting á þéttleika á íbúðarsvæði, reitur Í6 – Viðbótarumsögn

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 30. október sl. þar sem óskað er viðbótarumsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 vegna breytingar á þéttleika byggðar á íbúðarsvæði, reit Í6 í Þorlákshöfn.

Í greinargerð kemur fram að breyting aðalskipulags felst í því að íbúðum í reit Í-6 í Þorlákshöfn er fjölgað úr 51 í 75 og þéttleiki byggðar eykst þar af leiðandi úr 9,4 íb/ha í 13,8 íb/ha.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 22. september sl. bendir stofnunin á mikilvægi þess að við valkostagreiningu og hönnun á íbúðarsvæðinu í deiliskipulagi séu verndargildi hraunasvæða sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd séu metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.


Í erindi og svari sveitarfélagsins kemur fram að ekki eru neinar hraunmyndanir sem geta talist verndarverðar á umræddu svæði og hraunið víða sandorpið. Auk þess kemur fram að vistkerfið á svæðinu að mestu lúpína sem varla telst sérstæð eða verndarverð og því er það mat skipulags- og umhverfisnefndar sveitarfélagsins að hraunið og vistkerfið á svæðinu hafi lágt verndargildi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreint erindi og gerir engar athugasemdir varðandi ályktun nefndarinnar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur